

Reykjavík 8. júní 2016

Bryndís Þóra Þórsdóttir, kennslustjóri á lyfjatæknabraut FÁ

Þingskjal 1105 – 677.mál

Frumvarp til lyfjalaga

Efni: Umsögn um þingmál – frumvarp til lyfjalaga

Ég undirrituð þakka fyrir að hafa fengið tækifæri á að koma með umsögn um frumvarp til lyfjalaga, þingskjal 1105, 677.mál.

Ég hef sinnt kennslu lyfjatækninema í rúm 20 ár og þar af verið kennslustjóri á lyfjatækna- braut síðan 2002. Ég ber því hagsmuni starfandi lyfjatækna og lyfjatækninema fyrir brjósti. Lyfjatæknir er lögverndað starfsheiti, en störf lyfjatækna eru vissulega ekki lögvernduð og mjög víða gegna ófaglærðir aðilar sérhæfðum störfum í lyfsölu. Ef fram fer sem horfir mun kennsla lyfjatækninema í FÁ leggjast niður, þar sem lítill hvati er fyrir fólk að sækja sér menntun sem ekki er sóst eftir. Með setningu nýrra lyfjalaga var ég að vonast til þess að þessari þróun mætti snúa við, að skýrt yrði tekið fram í lögum að starfsfólk apóteka þyrfti að vera fagmenntað. Að fagmenntað fólk sinnti vinnu við lyfseðla og ráðgjöf og sölu lausasölulyfja í apótekum á Íslandi í framtíðinni, svipað og er uppi á teningnum á hinum Norðurlöndunum. Að annað væri alger undantekning. Eins og staðan er í dag er meirihluti starfsfólks í apótekum ófagmenntað og mjög mismunandi er hversu mikla þjálfun það fær þegar það hefur störf í apótekum og lítið eftirlit með því að það fái yfir höfuð einhverja þjálfun.

Heilsugæslan á Íslandi er undir gríðarlegu álagi, þjóðin er að eldast og mun sú þróun væntanlega halda áfram. Ljóst er að margt fólk leitar í apótek með margs konar vandamál sem tengjast heilsu og lyfjanotkun. Hvernig er þeirri þjónustu háttað þegar stór hluti starfsfólks apótekanna hefur enga heilbrigðismenntun, hefur enga þekkingu á lyfjalögum eða markmiðum í heilbrigðismálum?

Ég fagna því að í 37. grein laganna, lið g, er að finna þá kröfu til lyfsöluleyfshafa að hafa í þjónustu sinni lyfjatakna. Ekki kemur þó fram í greininni nein frekari ákvæði um starfsfólk í apótekum, hvort það megi vera ófagmenntað, sérþjálfað eða hvað. Í greinargerð, eða athugasemdum, með lögunum er þetta nánar útfært á þá vegu að lyfsöluleyfshafi skuli hafa í sínu starfsliði a.m.k. einn lyfjatakni. Samkvæmt þessu er nóg fyrir lyfsöluleyfshafa í stóru apóteki að hafa fyrir utan lyfjafræðing (a) einn lyfjatakni í vinnu og síðan all nokkra ófaglærða starfsmenn, sem hlýtur að teljast óviðunandi. Ég myndi vilja sjá í 37.grein miklu skýrar kveðið á um samsetningu starfsfólks í apótekum – að af stærstum hluta eigi að starfa í apótekum fólk með fagmenntun; lyfjafræðingar og lyfjatakna.

Í lyfjalögum nr. 108/1994, XI.kafli, 31.gr., er ákvæði um að að jafnaði eigi að vera í apótekum eigi færri en tveir lyfjafræðingar að störfum við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf. Í frumvarpi að lyfjalögum er ekki kveðið á um þetta. Ég hefði viljað sjá þetta atriði áfram í lyfjalögum, þó þannig að lyfjafræðingur og lyfjatakna megi kvitta á lyfjaávisanir; tvöfalt lyfjafræðilegt eftirlit (ekki endilega tveir lyfjafræðingar).

Í lyfjalögum nr. 108/1994, X.kafli, 28.gr., er einnig fjallað um að lyfjabúðir visti lyfjafræði- og lyfjatakna til verklegs náms samkvæmt samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir. Þetta ákvæði er ekki að finna í frumvarpi að lyfjalögum. Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram í nýjum lögum, t.d. í grein 37 um skyldur lyfsöluleyfshafa (h-liður).